

Aðgerð á hælbeini

Aðgerðir á hælbeini eru vanalega gerðar í svæfingu. Algengasta ástæða þessara aðgerða er vegna skemmda á sin sem kemur út frá beinnöbbum sem erta sinina og valda verkjum og bólgu. Mæting í aðgerð er á **6. hæð í Urðarhvarfi 8**. Þú þarft að vera fastandi (**hvorki matur eða drykkur í 6 tíma fyrir aðgerð, það má fá sér 1 vatnsglas 2 tímum fyrir aðgerð**) og hafa farið í sturtu um morguninn. Áður en þú ferð inn á skurðstofu hittir þú skurðlækni þinn sem merkir viðeigandi aðgerðarstað. Einnig ræðir svæfingalæknir við þig.

Að lokinni aðgerð ferð þú um stund á uppvöknunarherbergi. Þegar þú hefur jafnað þig og ert farinn að nærast er ekkert því til fyrirstöðu að þú getir farið heim. Það má stíga í fótinn að vild en oftast er léttara að hafa hækjur fyrstu dagana. Þú keyrir ekki bíl sama dag.

Áður en þú ferð af læknaströfnum ræðir læknir þinn við þig og gefur þér endurkomutíma sem er oftast 1-2 vikur eftir aðgerð. Oftast eru bólgueyðandi og almenn verkjalyf notuð í nokkra daga eftir aðgerð sem send eru rafrænt í apótek samdægurs. Ekki er æskilegt að taka þau ef óþægindi frá maga gera vart við sig.

Umbúðir: Taka umbúðir af eftir 3 daga, þá getur þú farið í sturtu. Muna að þurrka vel sárin og setja síðan hreinar umbúðir sem loftar um. Umbúðir þarf að hafa yfir meðan vætlar úr sárinu. Eftir um 10-12 daga eru saumar oftast teknir ef saumar eru til staðar. Ef enn vætlar úr sárinu eftir um það bil viku þá þarftu að hafa samband við okkur.

Það má byrja fljótlega að vinna, oftast innan við 7 til 10 daga ef starfið er ekki létt.

Ekki taka nein blóðþynnandi lyf né heldur náttúrulyf 1 viku fyrir aðgerðina. Bólgueyðandi lyf, Íbúfen og skyld lyf má taka. Ef þú tekur blóðþrýstingslyf þá á að taka þau eins og önnur lyf um morguninn fyrir aðgerð með litlum sopa af vatni.

Ef eitthvað ber að höndum s.s. auknir verkir, blæðing eða hiti, þá getur þú haft samband við ritara í síma 5200140 eða ef mjög brátt þá undirritaðan í síma 7788543. Ef ekki næst í viðkomandi lækni þarf að leita til læknavaktar.

Örnólfur Valdimarsson MD, PhD.
Bæklunarskurðlæknir
Læknastöðin Orkuhúsinu
Urðarhvarf 8